

# Álftaneshreyingin

NÆRÞJÓNUSTA OG UMHVERFISMÁL

Ábyrgðarmaður: Kristín Fjóra Bergþórsdóttir

2. tbl. 9. árg.

maí 2010

## D-listinn stöðvaði í síðustu viku framkvæmdir á miðsvæðinu!



### Hvað kostar það?

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2010, sem meirihluti D-lista samþykkti í janúar sl. er gert ráð fyrir því að sveitarfélagið dragi sig út úr öllum framkvæmdum Búmannna á miðsvæðinu. Framkvæmdin er núvirt til 50 ára sem skuldbinding upp á 1.200 milljónir og er færð sem skuld.

Bæjarfulltrúar Á-lista hafa gagnrýnt að horft sé á þessar framkvæmdir eingöngu sem skuldsetningu vegna þess að framkvæmdinni fylgir hagræði og nýjar tekjur sem greiða skuldbindinguna niður. Ákvörðun um að stöðva framkvæmdir er vanhugsuð og kostar bæjarsjóð hundruði milljóna:

Endurgreiða þarf tekjur vegna sölu byggingaréttar á miðsvæðinu fyrir u.þ.b 400 milljónir og endurgreiða u.þ.b.80 milljónir fyrir lóð vegna Nettó matvörubúðar auk þess sem bæjarstjórn gæti þurft að greiða bætur til annarra framkvæmdaraðila. Samtals gæti tjon bæjarsjóðs vegna þessa numið tæpum 1.000 milljónum, um leið og bæjarstjórnin setur af sér framtíðartekjur og tækifæri. Fulltrúar Á-lista telja þessa ákvörðun ranga og skaðlega hagsmunum sveitarfélagsins. Leita þarf leiða til að styrkja framkvæmdir á miðsvæðinu með því að kalla fleiri aðila að framkvæmdinni í stað þess að stöðva það sem hafið er.



# Fjölskyldudagur í fjörinni

X-Á fyrir umhverfið og fólkið



## Á-listinn stendur fyrir fjöruhátíð laugardaginn 15. maí nk. í Gesthúsafjörinni

### Dagskrá:

Hátíðin hefst kl. 13:00 með göngu út í Hrakhólma. Á leiðinni verður lífríki fjörunnar skoðað með leiðsögn líffræðinga.

Komið til baka um kl. 14:30 og þá tekur við dagskrá í fjörinni.



- Stutt ávörp: **Rannveig Guicharnaud og Tryggvi M. Baldvinsson sem skipa 3. og 4. sæti Á-lista.**
- Leikir og þrautir að skátasið í umsjón: Jóhönnu, Söru, Bergþórs, Níelsar, Gríms, Birkis, Baldvins, Finns, Bjarna, Alexanders, Tómasar og Sigurveigar.
- **Flugdrekakeppni, -hvaða dreki helst lengst á lofti?**  
Þeir sem eiga dreka taka þá með, en einnig er hægt að kaupa dreka í fjörinni á kostnaðarverði, -500 krónur.
- Frjár veitingar: pylsur, gos og svali.

## Aðsetur Á-listans í Bessanum

Á-listinn mun frá 18. maí og fram að kosningum hafa aðsetur í Bessanum við Breiðumýri og hvetur íbúa til að líta við og ræða málin. Opið virka daga frá 17:00 – 21:00. Allir velkomnir. Helgardagskrá auglýst síðar.